



Ríkiseignir
b.t. Óskars Páls Óskarssonar
Borgartúni 7a
105 Reykjavík

Efni: Kláfur í Esjuhlíðum – Til umsagnar

Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá (Rannsóknasvið Skógræktar ríkisins; hérefit: RS-Mögilsá) hefur móttkið bréf Ríkiseigna, dags. 7. nóvember 2015. Þar er greint frá því að Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Ríkiseignir hafi unnið að gerð samnings við Reykjavíkurborg um landnot og lóðarleigu í Esjuhlíðum undir rekstur kláfs sem gangi frá bílastæðum á landi Mógilsár og upp á fjallstopp. Íslenska ríkið sé eigandi landsins sem um ræðir en Reykjavíkurborg verði leigutaki sem framleigi landið til einkafyrirtækis (Esjuferja ehf.) sem reisa muni kláfinn.

Erindið hefur verið sent fjórum aðilum til umsagnar, en þeir eiga allir hagsmuna að gæta innan marka jarðarinnar Mógilsár. Meðal þeirra er RS-Mögilsá sem hefur full afnot, með fáeinum takmörkunum sem tilgreindar eru í bréfi Landbúnaðarráðuneytisins frá 19. apríl 1963, af ríkjörðinni Mögilsá (afrit hjálagt). Þær takmarkanir sem þar eru tilgreindar koma með engu móti við þeim áformum sem lýst er í bréfi Ríkiseigna frá 7/11 2015¹. Í bréfinu er gert ráð fyrir að 6033 m² land sem nú er vaxið er skógi eða skógræktartilaunum („Lóð A“) verði notað undir „aðkomu og bílastæði“. Ekki kemur fram í bréfinu hvort eða með hvaða móti RS-Mögilsá fái bætur fyrir þann skaða. Í bréfinu kemur hins vegar fram að endurgjald fyrir leigu og aðstöðu muni renna í ríkissjóð. Í bréfinu er veittur frestur til 1. desember 2015 „til að koma með formlegar athugasemdir og ábendingar“, en sá frestur var framlengdur til 14. sama mánaðar.

Rannsóknastöð skógræktar á Mögilsá mótmælir hvers kyns áformum um einhliða skerðingu á afnotum hennar á landi jarðarinnar Mögilsá, umfram það sem tilgreint er í bréfi Landbúnaðarráðuneytisins frá 19/4 1963 eða í samningi sama ráðuneytis við Skógræktarfélag Reykjavíkur frá 27/4 2000. Ennfremur mótmælir RS-Mögilsá þeirri einhliða ákvörðun Ríkiseigna, að „endurgjald fyrir leigu og aðstöðu [muni] renna beint til Ríkissjóðs Íslands“. Löng hefð er fyrir því að tekjur af leigulandi á Mögilsá, sem og leigutekjum á öðrum jörðum í eigu eða umsjá Skógræktar ríkisins, renni beint til Skógræktar ríkisins. Undantekningar hafa þó verið gerðar á þeirri tilhögum, svo sem þegar

¹ „Framangreindum afnotum eru settar eftirgreindar takmarkanir, sem leiðir af starfsemi laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði.“

1. Undan er skilið allt land Mögilsár neðan þjóðvegarins eins og hann nú liggur og vegar að bústað Arons Guðbrandssonar.
2. Undan er skilin öll réttindi til vatns, umfram það sem tilraunastöðinni er nauðsynlegt fyrir rekstur hennar, svo og jarðhiti, sem finnast kynni í landareign Mögilsár. Þetta síðastnefnda atriði er lexeldisstöðinni óviðkomandi.
3. Laxeldisstöðinni er heimilt að gera hvers konar vatnsvirki í landi Mögilsár. Um staðsetningar og erð vatnsvirkjananna skulu höfð samráð við stjórn tilraunastöðvarinnar.“

Landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, gerði samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur í fullu samráði við RS-Mógilsá um endurgjaldslausa leigu á stórum hluta lands jarðarinnar Mógilsár árið 2000. Í því tilviki var um að ræða endurgjaldslausa lóðarleigu til skógræktarfélagsins, um að rækta meiri skóg og bæta aðstöðu til útivistar almennings á jörðunum Mógilsá og Kollafirði. Var sá leigusamningur frá upphafi gerður með fullri velþóknun RS-Mögilsá og með samráði milli Landbúnaðarráðherra og RS-Mögilsá.

Um leið og mótmælt er þeirri einhliða og bótalausu skerðingu á hagsmunum RS-Mögilsá sem lýst er í bréfi Ríkiseigna, lýsir RS-Mögilsá, f.h. Skógrækt ríkisins, sig jafnframt reiðubúið til að ganga til samninga við íslenska ríkið um alla þætti þessa máls sem snúa að hagsmunum rannsóknastarfseminnar á Mögilsá. Kjósi Ríkiseignir hins vegar að virða hagsmuni RS-Mögilsá að vettugi sjáum við þann einn kost að verja þá á öðrum vettvangi eftir því sem nauðsyn krefst.

f.h. Rannsóknastöðvar skógræktar á Mögilsá



Aðalsteinn Sigurgeirsson
forstöðumaður

Fylgiskjöl:

1. Bréf Landbúnaðarráðuneytis til skógræktarstjóra, dags. 19. apríl 1963
2. Endurgjaldslaus leigusamningur landbúnaðarráðherra og Skógræktarfélags Reykjavíkur, dags. 27. apríl 2000.

fylgjileg 1

SKOGRAEKTIN-MOGILSA TEL No.

24 Oct 94 14:33 No.002 P.01

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTID

Reykjavík, 19. apríl 1963.

JS/H

Ráðuneytið hefur í dag ritað stjórnarnefnd norsku þjóðgjafarnefndarinnar á þessa leið:

"Með bréfi þessu heimilar ráðuneytið stjórnarnefnd norsku þjóðargjafarinnar afnot þess hluta ríkisjarðarinnar Mógiðsár í Kjalarneshreppi sem nauðsynlegur er til þess að setja þar á stofn tilraunastöð í skógrækt.

Framangreindum afnotum eru settar eftirgreindar takmarkanir, sem leiðir af starfsemi laxeldistöðvar ríkisins í Kollafirði.

1. Undan er skilið allt land Mógiðsár neðan þjóðvegarins eins og hann nú liggur og vegar að bústað Arons Guðbrandssonar.
2. Undan er skilin öll réttindi til vatns, umfram það sem tilraunastöðinni er nauðsynlegt fyrir rekstur hennar, svo og jarðhiti, sem finnast kynni í landareign Mógiðsár. Þetta síðastnefnda atriði er laxeldisstöðinni óviðkomandi.
3. Laxeldisstöðinni er heimilt að gera hvers konar vatnsvirkni í landi Mógiðsár. Um staðsetningar og gerð vatnsvirkjananna skulu höfð samráð við stjórn tilraunastöðvarinnar.

Gert er ráð fyrir að tilraunastöðin fái aðgang að heitu vatni úr borholu í landi Kollafjarðar eftir þörfum allt að 1.0 l/sek. Lögnum skal vera þannig fyrir komið, að eldissöðin geti nýtt heitt frárennisvatn frá húsum að Mógiðsá.

Nefnd afnot af heitu vatni verða einungis rofin í neyðartilvikum.

Ráðuneytið ætlast til þess að nothafar jarðanna Kollafjarðar og Mógiðsár taki fullt tillit til þarfa hvors annars, t.d. með því að setja laxeldistjarnir í Mógiðsárland, eða leyfa skógrækt í hlíðum Kollafjarðar.

Önnur afnot jarðarinnar Mógiðsár eru ætluð Skógrækt ríkisins eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins. "

Petta tilkynnist ýour, herra skógræktarstjóri, hérmeð.

F. h. r.

Til
skógræktarstjóra.

125733

nr. 678

ENDURGJALDSLHUS LEIGUSAMNINGUR

Landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, kt. 710169-0559, í samningi þessum nefndur leigusali, leigir hér með Skógræktarfélagi Reykjavíkur, kt. 600269-4539, í samningi þessum nefnt leigutaki, hluta jarðanna Mógilsá og Kollafjörð, Kjalarneshreppi í Kjósarsýslu til uppbyggingar skógræktar og útvistarsvæðis.

1. gr.

Nánar eru lega, takmörk og stærð hins leigða lands sýnd á meðfylgjandi uppdrætti og telst uppdrátturinn hluti samnings þessa. Uppdrátturinn er unnnin eftir kortagrunni Landmælinga Íslands og auðkenndur: "ESJA skipulag gönguleiða. Dags: febrúar 2000, Teikn: ÁT, GG. Landmótun, Nýbýlavegi 6, Kópavogi." Hið leigða land er merkt með grænum lit á uppdrættinum, stærð um 1000 ha. Undanskilin leigu er lóð merkt með gulum lit, merkt sem athafnasvæði Mógilsár og Stofnfishsks, stærð um 120 ha.

2. gr.

Jarðahlutarnir eru leigðir í 25 ár frá útgáfudegi leigusamnings þessa. Að þeim tíma liðnum hefur leigutaki forleigurétt að hinu leigða landi verði það áfram leigt til sömu nota, enda náist samkomulag um leiguskilmála og leigugjald en að öðrum kosti fellur hið leigða land astur til ríkisins. Hætti Skógræktarfélag Reykjavíkur starfsemi sinni á hinu leigða landi fellur leigusamningur þessi úr gildi.

3. gr.

Jarðahlutarnir eru leigðir leigutaka til skógræktar og útvistar og ber leigutaka að gróðursetja tré á landinu, bæði til ræktunar nytjaskóga og umhverfisfegrunar. Um ræktun leigutaka fer eftir gildandi lögum um skógrækt á hverjum tíma, eftir því sem við á. Skal leigutaki láta gera sérstaka framkvæmdaætlun um skógrækt á jarðahlutunum, sem háð er samþykki Skógræktar ríkisins og leigusala. Leigutaki skal gíra leigulandið, ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Leigutaki greiðir alla skatta og skyldur, sem lagðar kunna að verða á hið leigða land og mannvirkí sem gjaldstofn, og heldur uppi lögskilum af því, fjallskilum o.fl., leigusala að kostnaðarlausu. Leigutaka ber að vátryggja hús á hinu leigða landi, ef einhver eru, gegn ełdsvoða, leigusala að kostnaðarlausu..

5. gr.

Leigutaka er skylt að annast umhíðu þeirra skógarplantna sem hann gróðursetur á jarðahlutunum, svo sem trjáklippingu og áburðagjöf, og endurgróðursetningu. Þá skal leigutaki einnig annast grisjun og skógarhögg.

6. gr.

Leigutaka ber að ganga snyrtilega um hið leigða land og mannvirkí sem hann kann að reisa þar vegna trjá- og skógræktunar. Um umferð gangandi fólks um leigulandi að skulu gilda sömu reglur og Skógrækt ríkisins setur um friðuð skóglendi.

7. gr.

Hvers konar mannvirkjagerð á hinu leigða landi er óheimil án skriflegs leyfis leigusala. Þó skal leigutaka heimilt að reisa mannvirkí sem nauðsynleg eru vegna skógræktarstarfsemi sinnar.



jarðahlutanna, sbr. 2. gr., skal hann fjarlægja á sinn kostnað þau mannvirki sem hann hefur reist á hinu leigða landi, nema samkomulag verði um annað. Vegir sem leigutaki kann að hafa lagt um leigulandið verða eign leigusala, svo og skógur sem gróðursettur hefur verið í landinu.

Synji leigusali um áframhaldandi leigu, skal hann bæta leigutaka samkvæmt mati þá verðmætaaukningu sem orðið hefur á landinu, þ.m.t. girðingar og mannvirki, nema samkomulag verði um annað.

Náist ekki samkomulag um mat skv. 2. mgr., er aðilum heimilt að skjóta málinu til bindandi gerðardóms, sem skipaður er með sama hætti og greinir í 13. gr.

15. gr.

Samningur þessi raskar á engan hátt eldri samningum sem gerðir hafa verið um landspildur úr hinu leigða landi og halda þeir samningar að fullu gildi sínu þrátt fyrir gerð þessa samnings.


Er þar um að ræða m.a. samning landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins við Vætti, kt. 410294-2309, Borgartúni 6, Reykjavík dags. 2. desember 1994 og viðauka við sama samning dags. 17. júlí 1998. Einnig halda gildi sínu löðarleigusamningar landbúnaðarráðherra f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins við Sigurð Þ. Pétursson og Ármínu K. Dúadóttur, dags. 15. desember 1997, við Sigriði Ingólfssdóttur dags. 2. október 1995 og við Óskar Inga Gíslason og Jóhönnu Þórhallsdóttur dags. 27. nóvember 1997, svo og eldri samningar sem kunna að hafa verið gerðir.


16. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki Jarðanefndar Kjósarsýlu og borgarstjórnar Reykjavíkur, sbr. ákvæði 1. mgr. 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum.


Af leigusamningi þessum eru gerð fjögur samhljóða frumrit og heldur leigusali einu eintaki en leigutaki tveimur, þar af skal annað eintakið ritað á lögglitan skjalapappi til þinglýsingar. Eitt eintak skal sent jarðanefnd Kjósarsýlu til vörslu. Leigutaki greiðir kostnað þann sem leiðir af þinglýsingu samningsins.


Í landbúnaðarráðuneytinu, 27/4 2000.


Óskar Þórhallsdóttir
landbúnaðarráðherra



Samþykki leigutaka:


Óskar Þórhallsdóttir
staður dags.


Óskar Þórhallsdóttir

F.h. Skbgræktarfélags Reykjavíkur

ESJA

skipulag gönguleiða

